

SF SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10.0
Innök	
8. ÓL.S. 2011	
Aðm.	J. Fsk.
SLR	II N0021

Reykjavík, 17. nóvember 2011

Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um skýrslu samráðsvettvangs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýtingu helstu nytjafiska

Framkvæmdaráð SF fundaði um skýrsluna í gær og leitaði nánari upplýsinga hjá Kristjáni Þórarinssyni, stofnivistfræðingi LÍÚ um einstaka liði. Áður hafsi fengist frestur til að skila umsögninni þar til í dag.

Meginefni skýrslunnar er mat á núgildandi aflareglu í þorski ásamt tillögum um frekara samráð við hagsmunaaðila um endurskoðun aflareglunnar. Einnig eru í skýrslunni tillögur um frekari rannsóknir á líffræði þorsksins sem aukið gætu þekkingu á samhengi og áhrifavöldum og dregið úr óvissu um stofnstærð og horfur til næstu ára.

Sagan sýnir að óvissa í mati á stofnstærð á hverjum tíma og óvissa um framvindu stofnstærðar nokkur næstu árin er mikil og meiri en áður var talið. Á þetta jafnvel við um stofna þar sem stofnmat og ráðgjöf byggir á miklum og góðum mæligögnum og aldursgreindum aflagögnum eins og á við um íslenska þorskstofninn og nægir í því sambandi að vísa til reynslunnar af ofsmati þorskstofnsins undir lok síðustu aldar. Af þessum sökum er talið skynsamlegt að nýta fiskistofna af varfærni og með hóflegri sókn. Þessi sjónarmið liggja til grundvallar varðarleið við stjórn fiskveiða sem áskilin er í alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að, svo sem síðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum (1995) og úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna (1995).

Hófleg nýting og hæfilega lágt veiðihlutfall hefur marga kosti. Hófleg nýting minnkar líkur á áföllum vegna mikillar og óvæntrar stofnminnkunar og leiðir af sér sterri stofn en ella, sem aftur eykur líkur á góðri nýliðun og minnkar kostnað við að veiða tiltekið aflamagn. Auk þess minnkar fyrirfram ákveðin nýtingarstefna hættuna á því að skammtímasjónarmið ráði för við ákvörðun heildaraflamarks á kostnað langtímasjónarmiða. Formleg langtíma nýtingarstefna, í samræmi við alþjóðlegar samþykkir, er því bæði skynsamlegur og hagkvæmur kostur við fiskveiðistjórnun sem gefur tiltölulega jafnan og góðan afla til lengri tíma.

Allt frá því að málefnið kom fyrst á dagskrá á fyrri hlut 10. áratugar síðustu aldar hefur SF og flest samtök í sjávarútvegi stutt að farin sé sú leið að beita nýtingarstefnu til lengri tíma og aflareglu við stjórn þorskveiðanna. Jafnframt hafa samtökin lagt áherslu á það sjónarmið að eðlilegt sé að endurskoða aflareglu á nokkurra ára fresti í ljósi nýrra gagna og fenginnar reynslu og að nauðsynlegt sé að slík endurskoðun sé unnin í nánu samráði við hagsmunaaðila. Samtökin fagna því fram kominni tillögu í ofangreindri skýrslu um vettvang fyrir slíkt samráð og nána samvinnu hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnvalda um móturn og endurskoðun nýtingarstefnu og aflareglna og lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs um málið og útfærslu þess.

Samtökin taka í mörgum efnum undir með skýrsluhöfundum og leggja áherslu á eftirfarandi þætti varðandi rannsóknir, móturn nýtingarstefnu og endurskoðun aflareglna:

- Samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að ber stjórnvöldum að setja sér markmið við fiskveiðistjórnun varðandi stærð hrygningarstofns og veiðihlutfall.

- Skv. sömu alþjóðasamningum ber stjórnvöldum að setja varúðarmörk varðandi stærð hrygningarstofns og veiðihlutfall.
- Skoða ætti af fullri alvöru möguleika á að hafa nýtingarstefnu og aflareglu með sveigjanlegu veiðihlutfalli, byggt á málefnalegum forsendum, innan þess ramma sem alþjóðlegar kröfur setja. Þegar veiðistofn er í hraðri uppbyggingu og stefnir yfir eðlileg viðmiðunarmörk þá gildi önnur nýtingar- og aflaregla, sem taki mið að auknum veiðistofni.
- Nauðsynlegt er að stórefla rannsóknir á vistfræði þorsksins og fleiri tegunda á Íslandsmiðum og nýta niðurstöður við móton nýtingarstefnu í framtíðinni. Í því samhengi er brýnt að rannsaka framlag djúpfarsfiska annarsvegar og grunnfarsfiska hinsvegar inn í veiðistofninn. Sama á við um Grænlandsgöngur.
- Skipulega verði unnið að því að nýta þekkingu og reynslu sjómanna, m.a. við móton nýtingarstefnu.
- Mikilvægt er að nýtingarstefna og aflaregla komi til endurmats og endurskoðunar með reglugleðu millibili, t.d. 5 ára. Heimild verði til endurmats á 3ja ára fresti hafi forsendur breyst.
- Efna þarf til víðtækra kynningar í samfélaginu og samráðs við hagsmunaaðila sem hluta af endurmati og endurskoðun nýtingarstefnu og aflareglu.

Auk ofanritaðs skal tekið undir með skýrsluhöfundum að setning nýtingarstefnu skiptir miklu og vaxandi málí fyrir árangur á útflutningsmörkuðum fyrir sjávarafurðir. Athygli skal vakin á því að kaupendur sjávarafurða á mikilvægustu útflutningsmörkuðum, þeim sem gera mestar kröfur og greiða hæsta verðið, áskilja í vaxandi mæli að keyptar afurðir séu unnar úr afla úr stofnum sem stjórnað er samkvæmt varfærinni nýtingarstefnu til lengri tíma.

Nauðsynlegt er því að stjórnvöld setji sér nýtingarstefnu fyrir helstu fiskistofna svo fljótt sem verða má. Jafnframt skal bent á í þessu samhengi að nýtingarstefna til lengri tíma þarf að liggja fyrir til að unnt sé af fá vottun á forsendum ábyrgra fiskveiða, en Íslendingar hafa verið í forystu á því sviði á alþjóðavettvangi og eiga mikilla og vaxandi hagsmuna að gæta í þeim efnum. Brýnast er að ljúka þessu verki hvað varðar stofna ýsu, ufsa og gullkarfa.

Hér með er hvatt til þess að stjórnvöld hraði þeirri vinnu sem hafin er við undirbúning og setningu nýtingarstefnu fyrir fleiri fiskistofna. Mikilvægt er að það verk verði unnið í nánu samráði við hagsmunaaðila.

Til að tryggja góðan árangur er höfuðnauðsyn að þeir sem nýta fiskistofna hafi langtíma hagsmuni að leiðarljósi. Þeir sem nýta fiskistofna verða að hafa hagsmuni af því að draga úr veiðum þegar nauðsyn ber til. Til að svo megi verða þurfa þeir að hafa tryggingu fyrir því að njóta afrakstursins í auknum afla þegar aðgerðir skila árangri, en honum sé ekki úthlutað til annarra að geðþótta stjórnþalamanna.
Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva

Arnar Sigurmundsson, form.

Gunnar Tómasson, varaform.